



**Kennari:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** Íþ

**Námsefni:**

Sýklafræði eftir Boga Ingimarsson, Iðnú

### Lýsing

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfisþætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar.

## **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur.

## **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannslíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

## **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
1. vika 5.1- 11.1	Kynning á námsefni. Almennt um sýkla	1.kafli
2. vika 12.-18.1	Almennt um sýkla	1.kafli
3. vika 19.-25.1	Sýkingar	2. kafli
4. vika 26.1- 01.2	Almennar varnir manna gegn sýkingum	3. kafli

5. vika 2.2-8.2	Sóttvarnir	4. kafli
6. vika 9.2-15.2	Sýklalyf	5. kafli
7. vika 16.2-22.2	Ónæmiskerfið	6. kafli
8. vika 23.2-01.3	Bólusetningar/ónæmisaðgerðir	7. kafli
9. vika 2.3.-8.3	Veirur	8. kafli
10. vika 9.3.-17.3	Bakteríur	9. kafli
11 vika 20.3-24.3	Verknám á deild	
12. vika 27.3-31.3	Verknám á deild	
13.vika 03.4-07.4	Verknám á deild	
14. vika 10.4-18.4	Páskafrí	
15.vika 19.4.26.4	Sveppir	10. kafli

16. vika 27.4.-03.5	Sníkjudýr	11.kafli
17. vika 04.5.-10.5	Upprifjun	

### Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að hafa mætingu samkvæmt mætingarreglum skólans, vinna vel í tínum og svara spurningum eftir hvern kafla til að fá próftökurétt.

### Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf í próftöflu		60%
Virkni, mæting og skil á spurningum	Virkni í tínum, mæting í tíma og vinna og yfirferð á spurningum eftir hvern kafla. Tvær skýrslur	40%

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**